

BORGARRÁÐ 30. september 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um prófanir á nýju skjalavistunarkerfi og kostnað - R21090291

Ekki hefur enn tekist að innleiða nýja skjalavistunarkerfi Reykjavíkurborgar Hlöðuna. Nú eru orðin meira en 2 ár síðan þetta stóra og dýra kerfi var keypt. Í hinum og þessum kynningum þjónustu- og nýsköpunarsviðs þennan tíma hefur Hlöðunni verið lýst með stóryrðum. Í vor réði sviðið inn enn fleiri sérfræðinga sem m.a. áttu sérstaklega að koma að innleiðingunni á þessu kerfi. Þrátt fyrir það virðist ekkert bóla á því að kerfið verði tekið í notkun á næstunni. Spurt er hvort skipulagðar prófanir á þessu kerfi og öðrum kerfum sem komu til greina eftir útboð, hafi átt sér stað innan ÞON áður en ákveðið var að kaupa þetta kerfi? Var kerfið e.t.v. ekki fullprófað fyrr en eftir að það var keypt? Hvað kostaði þetta kerfi og hvernig er kaupum á þjónustu við kerfið háttáð frá söluaðila ef um slíkt er að ræða? Einnig vill fulltrúi Flokks fólksins vita hversu miklir fjármunir hafa tapast undanfarin tvö ár vegna tafa á innleiðingu? Óskað er eftir að allt sé til tekið t.d. afleiddur kostnaður við vinnu og ráðningar nýs starfsfólks og annarra sérfræðinga sem ÞON hefur verið að ráða inn eða kaupa vegna þessarar innleiðingar sem og annars kostnaðar sem af þessu hefur leitt.